

Rangárþing ytra  
b/t Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 7. ágúst 2019  
UST201906-204/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Helluvað – Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 20 júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Helluvað í Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær til um 8 ha landspildu í landi Helluvaðs 2 í Rangárþingi ytra og tekur skipulagið til byggingar íbúðarhús, gestahús og skemmu. Í greinargerð kemur fram að vegna nálægðar við vatnsból og vatnsverndarsvæði sem og vegna nálægðar við Ytri-Rangá verða gerðar ríkar kröfur um gerð og vandaðan frágang vegna frárennslis innan skipulagssvæðisins.

#### **Gróðurfar**


Í greinargerð kemur fram að skv. vistgerðarkortlagningu NÍ er ein algengasta vistgerðin á svæðinu víðikjarrvist og er vistgerðin með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að raski verður haldið í lágmarki, umfram það sem nauðsyn ber til vegna framkvæmda.

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur m.a. fram í gr.5.3.2.17., þar sem fjallað er um verndun svæða og einstakra mannvirkja að heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda náttúruminjar, náttúrufar og gróður vegna náttúrulegs gildis. Auk þess kemur fram í greininni að gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengi.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur